

Alþingi
Atvinnuveganefnd
v.t. Þórarinn Ingi Pétursson

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lagareldi, þskj. 1376 – 930. mál, 154. löggjafarþing 2023-2024.

Bændasamtökin fagna því sérstaklega að nauðsynlegar og skynsamur breytingar voru gerðar á ákvæðum er varða landeldi. Breytingar til hins betra voru gerðar á 85. og 89. gr. sem hafa þær afleiðingar að rekstur fyrirtækjanna verði skilvirkari og ferlið einfaldað án þess að draga úr velferð dýrannaumhverfis og neytanda á neinn hátt. Eins og Bændasamtök Íslands lögðu áherslu á í umsögn sinni á fyrri stigum málsins er nauðsynlegt að kröfur til fiskeldisaðila á landi séu í samræmi við rekstur þeirra og tækjakost og að mismunandi aðferðir lagareldis séu ekki settar undir einn hatt þar sem aðferðir til að greina aðstæður í einni starfsgrein séu sjálfkrafa notaðar fyrir aðra.

Bændasamtökin telja þó nauðsynlegt að ítreka áhyggjur okkar að enn sé viðvarandi óvissa um laga og regluumhverfi starfsgreinarinnar. Í þeim þremur köflum sem fjalla um lagareldi eru 26 lagaákvæði. Í þeim lagaákvæðum eru enn 15 reglugerðaheimildir til ráðherra; átta tilvik þar sem heimilt er að setja reglugerð og sjö tilvik þar sem ráðherra er gert skylt að setja reglugerð um, t.a.m. reglugerð um hámarksþéttleika fiska í eldiseiningum og útreikning á þéttleika sem er stór áhrifaþáttur á rekstrarafkomu greinarinnar. Vekur þetta áhyggjur rekstraraðila í greininni sem enn hafa litla vissu um hvernig regluumhverfi greinarinnar mun þróast á næstu árum, þrátt fyrir að íburðarmikið frumvarp hafi verið lagt fram sem og lagareldisstefna til ársins 2040. Er augljóst á öðrum umsögnum sem bárust fyrir fyrstu útgáfu frumvarpsins að fleiri umsagnaraðilar hafa sömu áhyggjur og eru það því viss vonbrigði að ekki var nýtt tækifærið til að bregðast við þeim. Vissulega voru áhyggjur umsagnaraðila ávarpaðar í greinargerð en ekki hefur þótt tilefni til að bregðast við þeim á annan hátt. Vísað er til fyrri umsagnar Bændasamtakanna um frumvarp til laga um lagareldi að öðru leyti sem er meðfylgjandi umsögn þessari.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands

Sverrir Falur Björnsson, hagfræðingur

Sent í samráðsgátt

10. janúar 2024

Matvælaráðuneytið
Skrifstofa matvæla
b.t. Kolbeins Árnasonar, skrifstofustjóra.


Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um lagareldi, mál nr. 253/2023.

Bændasamtök Íslands fagna framkomnu frumvarpi. Þörf hefur verið á heildstæðum lagaramma um landeldi, enda um að ræða ört vaxandi atvinnugrein þar sem aðstæður starfsgreinarinnar hafa breyst á fjölda vegu á undanförunum árum. Uppbygging fiskeldis á landi er komin langt á veg hjá þó nokkrum fjölda fyrirtækja með tilheyrandi fjárfestingu og rekstri og mikilvægt er að veita þessum aðilum, og þeim sem í fótspor þeirra munu fylgja, öruggt rekstrarumhverfi og fyrirsjáanleika.

Í samráðsferli og á kynningarfundum á milli lagareldisfyrirtækja og hagsmunafélaga þeirra í aðdraganda frumvarpsins hafa ýmsar athugasemdir um núverandi fyrirkomulag og lagaramma komið fram sem ráðuneytið hefur brugðist við. Bændasamtökin vilja þó árétta um nokkur atriði sem starfsgreinin tekur undir og þarfnast lagfæringa ef vel á að vera. Að áliti samtakanna er því nauðsynlegt að tekið verði til greina eftirfarandi:

Leyfisveitingaferli

Í samráðsferlinu voru fulltrúar landeldisfyrirtækjanna einróma í afstöðu sinni um að öll samskipti við hið opinbera, þegar kemur að leyfisumsóknum og leyfisveitingum, væru svifasein. Slíkar tafir sköpuðu þar með óvissu yfir langt tímabil hjá þessum fyrirtækjum sem væru á sama tíma að ráðast í afar fjármagnsfrekar framkvæmdir. Hér er um að ræða eitt stærsta hagsmunamál greinarinnar. Í umsögn Bændasamtaka Íslands um stefnu lagareldis til 2040 var einnig lögð mikil áhersla á að finna lausn á þessum vanda og lögðu Bændasamtökin til að mynda fram tillögu að uppfærðu leyfisveitingaferli. Meðfylgjandi mynd sýnir tillögu Bændasamtakanna en frekari útskýringu á henni auk rökstuðnings er að finna í umsögn BÍ við stefnumótunina sem fylgir í viðauka með umsögn þessari. Starfsgreinin er á afar fjármagnsfreku vaxtarskeiði og er umrædd óvissa og tafir metin sem mikil áhætta fyrir fjárfesta og fylgir því jafnframt töluverður kostnaður.



Í framlögðu frumvarpi er ekki að finna neinar breytingar á leyfisveitingaferlinu sem er verulegt áhyggjuefni. Með framangreindum tillögum Bændasamtakanna væri hægt að stytta leyfisveitingaferlið í tvö til þrjú skref sem myndu spara tíma, vinnu og kostnað á báða bóga, þ.e. hjá umsækjendum og hinu opinbera. Bændasamtökin óska eftir rökstuðningi frá ráðuneytinu hvernig það sjái sér fært að einfalda leyfisveitingaferlið. Óbreytt staða er með öllu óviðunandi.

Viðvarandi óvissa um laga og regluhverfi starfsgreinarinnar

Markmið og í raun einn megin tilgangur þessa frumvarps er að veita landeldisfyrirtækjum, ásamt öðru lagareldi, fyrirsjáanleika varðandi lög og reglur fyrir starfsgreinina og þannig tækifæri til að vaxa á sjálfbæran hátt. Við lestur á frumvarpinu er það þó álit Bændasamtakanna að hið gagnstæða kemur fram. Óvissuþáttunum fækkar ekkert og sést það skýrast á fjölda reglugerðaheimilda ráðherra sem þar koma fram. Í umræddum frumvarpsdrögum eru þrjú kaflar um landeldi sem innihalda 26 lagaákvæði. Í þessum 26 ákvæðum eru 15 reglugerðarheimildir til ráðherra, átta tilvik þar sem heimilt er að setja reglugerð og sjö tilvik þar sem skylda er lögð á ráðherra að setja reglugerð. Í 5. þætti frumvarpsdraganna, um sameiginleg ákvæði, má svo finna sex reglugerðaheimildir til viðbótar. Þykir þetta vera merki um hversu stutt framtíðarsýnin um rekstrarumhverfi fyrir landeldi á Íslandi er komin og merki um að líklegt sé að aðkoma ríkisins að rekstrinum sé enn að miklu leyti ómótuð.

Samkvæmt frumvarpinu er það í höndum ráðherra að setja nánari reglur um útgáfu rekstrarleyfa, merkingar á fiskum, fóðurnotkun, endurnýjun eldisbúnaðar, úttekt á landeldisstöðvum, eftirlit með starfsemi, flutning eldistegunda og fleira. Allt eru þetta mikilvægir þættir fyrir rekstur hvers aðila sem enn er óvissa um. Við þetta má svo bæta þeim reglugerðaheimildum sem Matvælastofnun er veitt.

Reglugerðarheimildirnar eru mis víðtækar en nokkrar þeirra þykja það víðtækar og opnar að þær ganga þvert gegn reglu íslensks réttar um framsal lagasetningarvalds, þ.e. banni við of víðtæku framsali lagasetningarvalds. Má þar nefna t.a.m. heimild í 100. gr. frumvarpsins um rekstrarleyfi þar sem segir: “Ráðherra er í reglugerð heimilt að mæla fyrir um nánari skilyrði sem setja má í rekstrarleyfi.” Þessi heimild verður að þykja allt of víðtæk enda er ráðherra ekki sett nein takmörk

um hvað hann má mæla fyrir um í reglugerðinni og þar með setja í rekstrarleyfi atvinnurekenda. Einnig má nefna heimildina í 103. gr. um bann við stroki úr landeldi: “Ráðherra er í reglugerð heimilt að setja nánari skilyrði um þær kröfur sem gerðar eru til rekstraraðila samkvæmt þessari grein.” Þessi heimild verður einnig að þykja of víðtæk þar sem ráðherra er aftur sett litlar sem engar takmarkanir um hvaða kröfur hann má setja atvinnurekanda í landeldi um strokumál.

Framsál löggjafans á lagasetningavaldi sínu til framkvæmdarvaldshafa er almennt viðurkennd framkvæmd og hefur allmarga kosti. Nauðsynlegt er þó að beita heimildinni hófsamlega enda er með henni vald þjóðkjörinna fulltrúa til að setja lagareglur framselt til annarra en þeirra sem sérstaklega eru kjörnir af þjóðinni. Þá getur verið um að ræða reglusetningu í reglugerðum sem takmarka atvinnuréttindi og verður að vera skýrt ef vilji löggjafans er til slíkra aðgerða.

Frekar samráðs er þörf

Íslensk landeildisfyrirtæki biðla til stjórnvalda að leita samráðs við úrvinnslu reglugerða. Mikilvægt er að mismunandi aðferðir lagareldis séu ekki allar settar undir einn hatt og aðferðir til að mæla aðstæður í einni starfsgrein sjálfkrafa notaðar fyrir aðra. Í þessu tilefni er vert að minnast á 85. gr. frumvarpsins sem fjallar um þéttleika og fjölda fiska í landeldi. Í þeirri grein er kveðið á um að ákvæði um hámarksþéttleika skuli vera útfært í reglugerð. Í stað þess að setja mörk á lífmassa eða fjölda fiska á einingu rúmmáls er tækifæri í landeldi til að einblína frekar á vatnsgæðaðætti, svo sem súrefni og koltvísýring, og áætla velferð dýranna út frá því. Er þetta dæmi um hvernig aðstæður við landeldi eru ólíkar sjókvíældi og möguleikana sem í þeim liggja.

Sérreglur fyrir landeldi

Bændasamtökin telja mikilvægt að sett verði sérstök reglugerð sem fjallar einungis um starfsemi landeildisfyrirtækja. Landeldi vinnur undir allt öðrum kringumstæðum og forsendum heldur en annað lagareldi og er því hagsmuna landeildis best gætt með sér reglugerð. Við það má bæta að Bændasamtökin standa enn á þeirri skoðun að einnig ætti að vera sér lagabálkur tileinkaður landeldi til að starfsumhverfi og starfsskilyrði greinarinnar séu nægjanlega aðskilin.

Virðingarfyllt

F.h. Bændasamtaka Íslands

Sverrir Falur Björnsson, hagfræðingur

Matvælaráðuneytið
Skrifstofa matvæla

Efni: Umsögn um uppbyggingu og umgjörð lagareldis – Stefnu til ársins 2040, mál nr. 182/2023

Eins og fram kemur í stefnumörkuninni þá krefst greinin landeldi nýrrar sérfræðipækkingar hjá stjórnvöldum. Í því samhengi áréttu Bændasamtök Íslands mikilvægi þess að náð samráð verði haft við samtökin varðandi reglusetningu greinarinnar. Er þannig afar mikilvægt að notast verði við bestu fáanlegu upplýsingar hverju sinni varðandi setningu sérreglna í landeldi, hvort sem er um úrgangsal, velferð dýra eða önnur atriði. Að mati Bændasamtakanna er því einnig mikilvægt að framboð menntunar í landeldi og tengdum greinum verði aukið verulega ef tryggja á farsælan framgang og uppbyggingu til framtíðar. Á þetta bæði við um menntun fyrir þá sem vilja vinna í landeldi sem og þá aðila sem vilja sérhæfa sig í tengdum störfum s.s. vegna aðkomu stjórnvalda að málaflokknum.

Samtökin undirstrika mikilvægi þess að þeim landeldisstöðvum sem þegar eru starfandi verði ekki of þröngur stakkur sniðinn hvað, sem dæmi, hreinsun affallsvatns varðar heldur verði gefinn raunhæfur frestur til að mæta auknum kröfum sem kunna að verða settar. Auk þess sem í þeim efnun þurfi að horfa til raunhæfra kosta og framgangs þróunarvinnu.

Í kafla 3.2 í stefnumörkuninni er fjallað um að meta þurfi hvort krefjast eigi þess að landeldisstöðvar séu þurrlagðar með reglulegu millibili. Bændasamtökin vilja taka fram að slíkar kröfur eru með öllu óraunhæfar.

Eins og fjallað er um í stefnumörkuninni er mikilvægt að huga að því við uppbyggingu regluverks í kringum atvinnugreinina landeldi að regluverkinu sé haldið einföldu og að ferlar varðandi t.a.m. leyfisveitingar verði samræmdir. Þá hafa samtökin á fyrri stigum málsins bent á mikilvægi þess að um landeldi verði sett ný heildarlög, umsögn þessari fylgir umsögn um málið frá 10. júlí sl. þar sem nánar er fjallað um þetta atriði o.fl. og lesist efni þess erindis sem hluti umsagnar þessarar.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur

Sent í tölvupósti á mar@mar.is

Reykjavík, 10. júlí 2023

Matvælaráðuneytið
Skrifstofa matvæla
b.t. Kolbeins Árnasonar, skrifstofustjóra
Borgartún 26, 105 Reykjavík

Efni: Stefnumótun lagareldis til ársins 2040 – Umsögn Bændasamtaka Íslands

Almenn sjónarmið

Bændasamtök Íslands telja þá vinnu sem nú er unnin hjá matvælaráðuneytinu á sviði stefnumótunar landeldis afar mikilvæga fyrir uppbyggingu og framtíðarmöguleika greinarinnar. Ljóst má vera að umtalsverðra breytinga er þörf á regluverki til að ná utan um sérstöðu landeldis en regluverkið er í dag mikið miðað að sjókvíaeldi. Þá telja samtökin að samskipti fyrirtækja í landeldi við opinberar eftirlitsstofnanir hafi ekki verið nægilega skilvirkt sem fyrst og fremst kemur til vegna sérstöðu landeldis sem atvinnugreinar. Þannig eru umsóknaferli flókin og afgreiðsluferlar svifaseinir. Tilfinning þeirra sem hafa komið að umsóknarferlum tengdum starfs- og rekstrarleyfum er að álag á stofnanir sé mikið og að auknar kröfur séu á þeim, bæði vegna aukinnar aðsóknar í starfsgreinina og vegna ýmissar kerfisflækju. Tilfni er því til að finna leiðir til að bæta þessi ferla sem væri til hagsbóta fyrir alla sem að ferlinu koma, þ.e. bæði fyrirtækin og stofnanir hins opinbera.

Mögulegar úrbætur á flóknu leyfisveitingaferli – samþætt málsmeðferð

Samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi er leyfisveitingaferlið fyrir landeldi það sama og fyrir allt annað fiskeldi. Vissulega á hver og ein umsókn að vera metin með tilliti til eðlis starfseminnar en það breytir því ekki að ferlið verður að teljast óþarflega langt og flókið og til þess fallið að valda tvíverknaði. Í núverandi fyrirkomulagi þurfa umsóknir um að starfrækja tilgreindan atvinnurekstur að fara í gegnum fimm vörður/stopp stjórnvalda¹ sem eðli málsins samkvæmt getur tekið gríðarlega langan tíma enda hvert stjórnvald með sitt eigið ferli í meðferð umsókna. Fiskeldislögin gera einungis ráð fyrir þremur af þessum vörðum í fiskeldisumsóknum;

- Skipulagsstofnun (ákvörðun um umhverfismat og umhverfismatið sjálft ef þörf er á)
- Umhverfisstofnun (starfsleyfi) og
- Matvælastofnun (rekstrarleyfi).

Fiskeldislögin gera því ekki ráð fyrir tveimur stoppum sem landeldisumsóknir þurfa að komast í gegnum til viðbótar en þau eru:

- Viðkomandi sveitarfélag (mannvirkjagerðin og skipulagsmál) og
 - Skipulagslög nr. 123/2010
 - Lög nr. 160/2010 um mannvirki
 - Byggingareglugerð nr. 112/2012, með síðari breytingum

¹ Skipulagsstofnun heyrir undir innviðaráðuneytið, Umhverfisstofnun undir umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið, Matvælastofnun heyrir undir Matvælaráðuneytið, mannvirkjagerð og skipulagsmál heyrir undir innviðaráðuneytið og nýtingarleyfi Orkustofnunar vegna nytjavatns heyrir undir umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið.


- Orkustofnun (nýtingarleyfi).
 - Lög nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu (auðlindalögin)

Augljóst þykir að tilgangur nokkurra leyfa í þessu ferli er nánast sá sami, eða að minnsta kosti svo keimlíkur, til að mynda starfs- og rekstrarleyfi, að tækifæri til einföldunar liggur í augum uppi. Yfirferð á stofnanaumhverfi og þeim kröfum sem gerðar eru við vinnslu umsókna styður þá ályktun.

Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar er góður samráðsvettvangur sem nýta má fyrir landeldisumsóknir eða þá sem fyrirmynd fyrir nýja gátt tileinkaða landeldi. Á þeim vettvangi væri tilefni fyrir sveitarfélag og Skipulagsstofnun að sameina sína aðkomu, þ.e. við breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi, byggingarleyfi byggingarfulltrúa sveitarfélagsins, ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort framkvæmdin sé háð umhverfismati og þá umhverfismatsskýrslu ef þörf er á.

Í samráðsgátt stjórnvalda má sjá mál nr. 103/2023 frá 30. maí 2023 en um er að ræða áform um lagasetningu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um sameiningu stofnana. Ein af þeim stofnunum sem á að verða til í kjölfar þeirrar lagasetningar, verði hún samþykkt, er Loftslagsstofnun sem yrði til við sameiningu Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar. Að áliti Bændasamtakanna væri skynsamlegt að verðandi Loftslagsstofnun yrði falið að gefa út eitt leyfi, þ.e. sameiginlegt orkunýtingar- og starfsleyfi enda væri það rökrétt skref í takt við markmið sameiningarinnar.

Matvælastofnun gefur síðan út rekstrarleyfi en eðli málsins samkvæmt haldast starfs- og rekstrarleyfi í hendur og endurspeglast það vel í fiskeldislögunum þar sem skýrt er tekið fram að umsóknir um leyfin tvö skulu afgreiddar samhliða og leyfin útgefin samtímis. Þarna er tækifæri til samþættingar orkunýtingarleyfis, starfsleyfis og rekstrarleyfis í eitt starfsleyfi eða þá tvö leyfi sem unnin væru í nánú samstarfi Loftslagsstofnunar (Umhverfis- og Orkustofnun) og Matvælastofnunar.



Með framangreindum tillögum væri hægt að stytta leyfisveitingaferlið niður í 2-3 skref sem óneitanlega myndi spara tíma, vinnu og kostnað á báða bóga, þ.e. hjá umsækjandanum og þeim stjórnvöldum sem koma að umsókninni. Hér er hægt að hafa til fyrirmyndar þær jákvæðu breytingar sem farið var í árið 2017 þegar leyfisveitingaferlið til að hefja heimagistingu var breytt úr nokkrum leyfum, með aðkomu margra stofnana, yfir í aðeins eitt leyfi frá einni stofnun; leyfi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Vitanlega er stigs- og eðlismunur á leyfi til heimagistingar og leyfi til landeldis, en hvort tveggja rekstrarleyfisskyld starfsemi, sem hafa má til hliðsjónar enda um að ræða einföldun á ferlum innan stjórnarsýslunnar sem hugsanlega mætti yfirfæra við einföldun ferlisins fyrir landeldi. **Mikilvægt er að koma ferlum sem fyrst í einn farveg, auka skilvirkni og stefna að einu ferli með einni málsmeðferð með það að markmiði að auka skýrleika og skilvirkni með samþættri málsmeðferð („one-stop-shop“).**

Við framangreint má bæta að kerfisflækjur stafa oft á tíðum af verkefnamisræmi sem getur endurspeglast í því að stofnanir koma á framfæri athugasemdum við verkþætti sem tæplega heyra undir starfsemi þeirra. Má hér nefna að Matvælastofnun rannsakar sérstaklega byggingarleyfi umsækjenda um rekstrarleyfi og samninga þeirra um leigu húsnæðis undir starfseminu þrátt fyrir að slíkt sé hlutverk viðkomandi sveitarfélags eða Skipulagsstofnunar að rannsaka. Með skýrri afmörkun á verkþáttum við útgáfu leyfa í lögum mætti komast hjá tvíverksaði og auka yfirsýn eftirlitsaðila.

Af hverju þarf ný heildarlög?

Hinn 1. júní 2006 öðluðust lög nr. 57/2006 um eldi vatnafiska gildi (hér eftir „gömlu landeldislögin“). Í 3. gr. laganna voru skilgreind helstu hugtök sem lýsa ýmsum þeim afbrigðum sem fyrir koma við lagalega útfærslu heimilda til fiskeldis. Merking hugtakanna *eldi vatnafiska* og *strandeldi* í þeim lögum er sú atvinnugrein sem hefur með tímanum þróast í það sem við skilgreinum sem landeldi í dag. Ákvæði 19. tl. 3. gr. laganna var svo hljóðandi: *Strandeldi: Eldi fiska til slátrunar í tönkum eða kerum á landi*. Þessi lög voru aftur á móti felld úr gildi þegar lög nr. 71/2008 um fiskeldi tóku gildi tveimur árum seinna og sameinuðu þar með landeldi (eldi vatnafiska/strandeldi) og allar aðrar tegundir fiskeldis undir einn lagabálk.

Í greinargerð með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 71/2008 kom fram að ástæðan fyrir því að allt fiskeldi var með lögnum sameinað undir eitt regluverk var að framkvæmd stjórnarsýslunnar var í höndum Fiskistofu. Samkvæmt gildandi lögum er Fiskistofa nú umsagnaraðili og móttakandi tilkynninga um strokufisk og tilflutning eldisfisks á meðan aðkoma MAST við stofnun fiskeldisfyrirtækis og starfrækslu fiskeldisstöðvar hefur aukist. Hér er því tilefni til að aðskilja lagalega á ný landeldi annars vegar og sjókvíaeldi hins vegar með því að leggja drög að nýrri heildarlöggjöf um landeldi.

Til viðbótar nýrri heildarlöggjöf um landeldi þyrfti einnig „bandorm“ til að aðskilja landeldi frá öðru fiskeldi þar sem óskýrleika gætir í lögum. Dæmi um það er að finna í 1. gr. laga nr. 89/2019 um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð. Í 1. mgr. 1. gr. laganna segir að skyldu til greiðslu gjalds vegna fiskeldis í sjó bera rekstrarleyfishafar fiskeldisstöðva samkvæmt lögum um fiskeldi. Bændasamtökin líta svo á að hér sé aðeins átt við sjókvíaeldi en mikilvægt er að taka af allan vafa um slík atriði. Í þessu ljósi ber þó að nefna að afstaða Bændasamtakanna er skýr er varðar að samtökin hafna alfarið öllum áformum um auknar álögur í formi skatta og gjalda á landeldi enda um að ræða atvinnugrein í uppbyggingu sem byggir á frumkvöðla-

starfsemi, sbr. umsögn BÍ um BCG-skýrsluna sem send var ráðuneytinu þann 4. apríl sl.

Áhættumiðað eftirlit – aukin efling innra eftirlits

Þáttur í því að auka skilvirkni þegar kemur að starfsemi landeðisstöðva er samræming eftirlits með starfsstöðvum. Samskipti eftirlitsaðila á milli annars vegar og eftirlitsaðila og landeðisstöðvanna hins vegar skipta þar lykilmáli til að koma í veg fyrir tvíverknað. Landeðisfyrirtækin hafa tjáð BÍ að nokkrir eftirlitsaðilar hafa komið á starfsstöðvar þeirra að skoða sömu hlutina en slíkt getur varla talist skilvirkt eða hagkvæmt. Efling innra eftirlits myndi þar hafa jákvæð áhrif t.d. í formi reglulegra skýrslna landeðisstöðva til MAST um starfsemina. Gætu þær skýrslur t.d. innihaldið mælingar sem MAST gæti svo sannreynt en að stofnunin myndi styðjast við eftirlit byggt á áhættu og frammistöðu þannig að eftirlitinu sé beint þangað sem mest er þörfin, með tilliti til velferðar dýra og matvælaöryggis. Að framangreindu virtu er það afstaða samtakanna að ný heildarlöggjöf tileinkuð landeði myndi gera atvinnugreininni auðveldara fyrir að byggjast upp með eðlilegum og skilvirkum hætti. Þannig telja samtökin að skýr stefna í málaflökknum muni skila jákvæðum áhrifum, en í því samhengi má horfa til framkvæmdar í Noregi. Miklir hagsmunir liggja í því að landeði sé með sem skýrustum hætti aðskilið frá sjókvíaeldi enda um að ræða nýja atvinnugrein sem stunduð er á grundvelli annarra starfsskilyrða.

Að því sögðu óska Bændasamtökin eftir aðkomu að áframhaldandi vinnu við stefnumótun á sviði landeðis.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur